

**Nd.**

**283. Breytingartillögur**

við frv. til laga um verðlag.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Annar og þriðji másl. 1. málsgr. orðist svo: Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum verðlagsnefndar, að setja almennar reglur eða ákvæði um verðlag og álagningu. Heimild þessi tekur einnig til taxta á viðgerðum, smíði, saumaskap o. s. frv., í sambandi við álagningu á efnivörur og vinnulaun.
2. Við 8. gr. Greinin falli burt.
3. Við 9. gr. Greinin falli burt. Greinatala breytist samkvæmt því.
4. Við 11. gr., sem verður 9. gr. Önnur málsgr. falli burt.
5. Við 12. gr., sem verður 10. gr. Fyrir orðin „8 dögum“ í 1. málsgr. komi: 4 dögum.
6. Við 15. gr., sem verður 13. gr. Á eftir orðinu „samkvæmt“ í 2. málsgr. komi: ákvæðum almennra hegningarlaga.